



# Starfsleyfiskilyrði EBK ehf., Fuel East í Reykjanesbæ

Kt. 460406-0210

Gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ákvæði reglugerðar nr. 828/2003 um hollustuhætti og mengunarvarnir á varnarsvæðum og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1. Rekstraraðili

Skilyrði þessi gilda fyrir EBK ehf., kt. 460406-0210, vegna olíubirgðastöðvar fyrir flugvélar í Fuel East Pétursvöllum 6 í Reykjanesbæ, landnúmer 217585. Til viðbótar við starfsleyfiskilyrði þessi ber rekstraraðila að fylgja ákvæðum almennra starfsleyfiskilyrða fyrir mengandi starfsemi. Komi nýr aðili að rekstri eldsneytisbirgðastöðvarinnar getur hann sótt um handhafabreytingu án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1998.

EBK ehf er hér eftir nefndur rekstraraðili.

### 1.2. Umfang starfsemi

Í olíubirgðastöðinni er heimilt að geyma eftirtalda:

- ET 001 = Birgðageymir, bygging nr. 849, fyrir flugsteinolíu. Skráður 672.000 Gallon => 2.543.923 lítrar.
- ET 002 = Birgðageymir, bygging nr. 850, fyrir flugsteinolíu. Skráður 672.000 Gallon => 2.543.923 lítrar.
- ET 003 = Birgðageymir, bygging nr. 851, fyrir flugsteinolíu. Skráður 672.000 Gallon => 2.543.923 lítrar.
- ET 004 = Endurheimtugeymir fyrir flugsteinolíu. Skráður 4.000 Gallon => 15.142 lítrar.
- ET 005 = Birgðageymir fyrir gasolíu á varaafstöð. Skráður 4.000 Gallon => 15.142 lítrar.
- ET 006 = Daggeymir fyrir gasolíu á varaafstöð. Skráður 170 Gallon => 643,5 lítrar (Staðsettur inni í varaafslrymi).

Tækjarými stöðvarinnar er í byggingu 852.

Auk ofangreindra olíugeyma tilheyrir rekstrinum, utan öryggis- og varnarsvæðis Fuel East, olíuskilja í byggingu nr. 859, neyðarsafngeymir í byggingu nr. 860, afgreiðsluplön olíuflutningabifreiða við byggingar nr. 853 og 854.

Starfsemin skal rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Þá er heimil söfnun á aftöppunarolíu í neðanjarðarolíugeymi (endurheimtugeymi) fyrir flugsteinolíu.

Bensín verður ekki geymt í olíubirgðastöðinni. Þar verður einungis flugvélaeldsneyti (flugsteinolía) auk díselolíu.

Rekstraraðili hefur umsjón og eftirlit með neðanjarðar eldsneytislögn sem liggur frá olíubirgðastöðinni Fuel East að Tie end vault en þar tengist hún eldsneytislögn frá olíubirgðastöðinni í Helguvík.

### 1.3. Mengunarvarnir

Fyrirtækið skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir, þar sem hún hefur verið skilgreind, og nýta vel orku.

Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Katóðuvörn skal notuð á neðanjarðar eldsneytislögnum, auk köfnunarefnis-byrðings þar sem það á.

### 1.4. Breytingar eða stöðvun á rekstri

Fyrirtækið skal upplýsa Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær.

Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangsolíu og öðrum úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, geymum, lögnum, tækjum og menguðum jarðvegi í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang og hreinsun vegna rekstrarstöðvunar skal liggja fyrir hjá Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og annarra hlutaðeigandi. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan mánaðar um stöðvun reksturs og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megi út frágang strax að verki loknu.

### 1.5. Gangsetning

Hafi rekstur birgðastöðvarinnar legið niðri í mánuð eða lengur eða reksturinn verið stórlega skertur skal tilkynna eftirlitsaðila áður en stöðin verður tekin í notkun að nýju.

### 1.6. Endurskoðun starfsleyfis og breyttar forsendur

Endurskoða skal starfsleyfiskilyrðin á fjögurra ára fresti sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Ef mengun af völdum starfseminnar reynist meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfiskilyrða eða starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni, skal fyrirtækið, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Ef nauðsynlegt reynist að mati eftirlitsins skal fyrirtækið sækja um nýtt starfsleyfi.

### 1.7. Rekstrahandbók

Eintak af starfsleyfiskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað ásamt afstöðumynd af birgðastöð, flæðiriti af stöðinni með merkingum geyma og lagna, viðbragðáætlun og rekstrarhandbók. Afstöðumynd af neðanjarðalögnum auk staðsetningar brunna á lögnum skal vera til staðar á vinnustað.

## 2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

### 2.1. Frágangur birgðageyma

Olúgeymar eru niðurgrafnir stálgeymar sem steypfir eru í steinsteypu byrgi. Í botni steinsteyppta hlutans liggja rákir í þró fyrir miðju botnsins. Í þrónni eru skynjarar sem gefa til kynna safnist olía þar fyrir. Við hvern olúgeymi eru borholur sem ná niður í grunnvatn til sýnatöku eða mælinga. Olúgeymar skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017.

### 2.2. Áfylling olíu- og flutningsgeyma

Áfylling flutningsgeyma skal fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfali í lágsta punkti sem tengt er olíuskilju. Tryggja skal að olía smitist ekki út í umhverfið samanber ákvæði reglugerðar nr. 884/2017. Koma skal á fót og fylgja verklagsreglum um affermingu olíu þar sem fram kemur hvernig öllum tengingum skal vera háttað og tryggt að olía smitist ekki út í umhverfið.

Vernda skal grunnvatn og vatn samanber ákvæði reglugerða nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Áhrifamat fyrir vatnshlot og viðbragsáætlun vegna mengunar barst embættinu 16. mars 2026.

### 2.3. Frárennsli og fráveita

Frárennsli frá áfyllingarplönunum og þróum skal leitt í gegnum olíuskiljur utan lekavarnar. Olíuskilja með frárennsli til yfirborðsvatns eða sjávar skal vera að gerð I, samanber staðla nr. ÍST EN 858. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 mg/kg. Sé frárennsli til skólþfráveitukerfis sveitarfélags má nota olíuskilju af gerð II, miða við hámarksflæði frárennslis, að fengnu samþykki rekstraraðila fráveitukerfis. Virkni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum (sandfang og olíuhólf). Fjarlægja skal olíu úr skilju ef olía fyllir meira en 25% af rúmtaki olíurýmis, og sand og leðu úr sandfangi ef magn fastefnis fer yfir 40% af vökvarúmmáli sandfangs.

Frárennislagnir við þrær skulu vera með lokum innan þróar sem hafðir eru lokaðir nema þegar hleypt er úr þrónum, eða búnað sjálfvirkum lokum fyrir olíu. Fráveita og skólþ skal leit í fráveitukerfi sveitarfélags. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 1450/2025 um fráveitur og skólþhreinsun.

### 2.4. Lagnir og lekavarnir

Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leka.

### 2.5. Hreinsun á leka

Ávallt skal vera til reiðu búnaður og efni til hreinsunar olíu sem kann að leka út, t.d. ídræg efni (ísogsefni, uppþurrkunarefni). Nota skal lekabyttur þar sem við á. Hreinsa skal olíu sem lekur eða smitast út jafnharðan.

### 2.6. Úrgangur

Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða löglegrar meðhöndlunar. Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til

löglegar spilliefnamóttöku. Þó er heimilt að semja beint við aðila sem hefur heimild til nýtingar úrgangsolíu um móttöku á úrgangsolíu frá birgðastöðinni.

## 2.7. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá birgðastöðinni og skal hávaði í nærliggjandi íbúðarbyggð vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008, um hávaða.

## 2.8. Öryggisblöð

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt lögum nr. 45/2008 um efni og efnablöndur og reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

# 3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

## 3.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta hafa í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirtalin atriði og skulu skráningar gerðar í rekstrarhandbók og vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarbúnaði.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

## 3.2. Eftirlitsmælingar

Eftirfarandi mælingar skulu framkvæmdar af rekstraraðila, eftir því sem við á:

- Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftar ef vafi leikur á að kröfur í gr. 2.4 séu uppfylltar.
- Að minnsta kosti árlega skal kanna hvernig úrtök og lausar tengingar virka.
- Þrýstiprófa skal neðanjarðarlagnir árlega og aðrar lagnir á 5 ára fresti. Lekavarnir skulu prófaðar á minnst 10 ára fresti.
- Botnar og þykkt neðsta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti.

Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja eigi síðar en 1. maí hvers árs.

## 3.3. Rekstrarhandbók

Í olíubirgðastöðinni skal vera rekstrarhandbók, sem liggur frammi fyrir starfsmönnum og eftirlitsaðilum. Í handbókina skal skrá á aðgengilegan hátt upplýsingar um eftirfarandi þætti: eftirlit, breytingar í stöðinni, athugasemdir starfsmanna og eftirlitsmanna um viðhald, ástand og tæmingu olíuskilju, þrýsti-, leka- og þéttiprófanir, þykktarmælingar og birgðauppgjör á mánaðarfresti, svo og annað sem skiptir máli varðandi framkvæmd mengunarvarnaeftirlits.

## 3.4. Framkvæmd mælinga



Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga og skráninga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu.

#### 4. STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMÁRMIÐ

##### 4.1. Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að draga sem mest út því álagi sem reksturinn veldur með starfsháttum sínum. Stuðlað skal að góðri nýtingu og að losun mengunarefna frá birgðastöðinni verði eins lítil og kostur er. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar.

##### 4.2. Markmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og skal starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálssa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

##### 4.3. Viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat og skal útbúa viðbragðsáætlun á grundvelli þess sem tæki á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar í samræmi við ákvæði laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlunin skal liggja frammi og vera aðgengileg starfsmönnum sem starfa í olíubirgðastöðinni, við áfyllingu í birgðageyma og flutningsgeyma. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

##### 4.4. Tilkynning vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.3, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Slík atvik skal tilkynna strax til Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja sem meta hvort þörf sé frekari aðgerða. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og Umhverfisstofnun sérstaklega um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun.

##### 4.5. Tryggingar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja metur gilda, sem nemur allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004.

##### 4.6. Umhverfi

Rekstraraðili skal halda athafnarsvæði sínu snyrtilegu og tryggja að þar séu engir hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfsemi.

##### 4.7. Þjálfun starfsmanna

Starfsmenn og þjónustuaðilar, þar með taldir bílstjórar og vaktmenn, skulu fá viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til að vinna í stöðinni svo og kennslu og æfingu í því hvernig bregðast skal við mengunaróhöppum samkvæmt



viðbragðsáætlunum. Jafnframt skulu þeir hljóta staðgóða fræðslu um eiginleika allra olíutegunda sem meðhöndlaðar eru í stöðinni.

#### 4.8. Tengiliður

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Tengiliður skal vera til taks þegar eftirlit fer fram.

#### 4.9. Eftirlit

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja fer með eftirlit með starfsemi í samræmi við ákvæði starfsleyfisskilyrðanna. Eftirlitið felur í sér árlega skoðun þar sem einkum eru skoðuð þau atriði starfseminnar sem valdið geta mengun vatns, andrúmslofts eða jarðvegs ásamt frágangi ytra umhverfis og meðferð úrgangs.

Viðbótareftirlit felst m.a. í:

- Skoðun vegna nýs búnaðar sem tekinn hefur verið í notkun eða vegna kvartana.
- Sérstökum úttektum á tækjum og búnaði

#### 4.10. Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

### 5. GJALDSKYLDA

Fyrirtækið greiðir Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

### 6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit., sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði reglugerðar nr. 828/2003 um hollustuhætti og mengunarvarnir gildir til 12 ára frá útgáfudegi sem tilgreindur er á starfsleyfisskjali.

**Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja**

**09. júní 2026**